



# BRÚARVIRKJUN BLÁSKÓGABYGGÐ

## Deiliskipulagsbreyting, Lóð 4 - Brúarvirkjun vinnubúðir



Yfirlitsmynd úr gildandi deiliskipulagi Brúarvirkjunar. Rauð brotalína sýnir deiliskipulagsmörk. Afmarkað svæði með rauðri línu sýnir lóðina sem breytingin á við.



Núgildandi deiliskipulag Brúarvirkjunar. Lóð 4 Brúarvirkjun vinnubúðir L226638. Mkv. 1:3000.

Breytingin sem hér er lögð fram felst í því að fella úr deiliskipulagi skilgreinda lóð "Brúarvirkjun vinnubúðir L226638" ("Lóð 4") og sameina landinu sem það áður tilheyrði og er innan, "Brú L167070". Breytingin tekur til annars vegar gildandi deiliskipulags Brúarvirkjunar sem var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 5. janúar 2017 og hins vegar deiliskipulagsbreytingu samþykkt á sveitarstjórn þann 1. febrúar 2018.

Á lóðinni L226638 er skemmubygging sem standa skal áfram eftir að framkvæmdum lýkur og eftir að lóðin fellur úr gildi. Eftirfarandi breytingar eru því gerðar á skilmálum núgildandi deiliskipulags (númer greina vísa til samsvarandi greina í gildandi greinargerð):

### 4.1 Iðnaðarlóðir

Gildandi ákvæði í breyttu deiliskipulagi frá 2018 um lóðina "Lóð 4" undir iðnaðarlóðir hljóðar svo:  
Að framkvæmdum loknum verða vinnubúðir fjarlægðar og gengið verður frá lóðunum.

Við breytingu verða ákvæði svo:

Að framkvæmdum loknum verða allir hlutar vinnubúða fjarlægðir nema ein skemmubygging ásamt malarpúða, en að öðru leyti verður gengið frá lóðunum. Aðkoma að skemmu er frá aðkomuvegi virkjunar.

### 6. Skilmálar


Gildandi punktur undir áttundu efnisgrein í greinargerð deiliskipulags frá 2017 og fjallar um vinnubúðir, stöðvarhús og tengd mannvirki hljóðar svo:

Í verklok verða mannvirki fjarlægð og gengið frá svæðinu á snyrtilegan hátt í sem upprunalegast horf.

Við breytingu verða ákvæði svo:

Í verklok verða öll mannvirki fjarlægð nema ein skemmubygging og verður hún skilgreind sem landbúnaðarbygging og tilheyrir þá upprunalegu landi "Brú L167070". Einnig stendur eftir malarpúði umhverfis skemmunna sem tilheyrði vinnubúðunum. Gengið verður frá svæðinu á snyrtilegan hátt.

Að öðru leyti eru deiliskipulagsskilmálar óbreyttir.







Deiliskipulagsbreyting Brúarvirkjunar. Lóð 4 Brúarvirkjun vinnubúðir L226638 felld úr skipulagi. Mkv. 1:3000.

Breyting þessi á deiliskipulagi Brúarvirkjunar er óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og framkvæmdaraðila er fallið frá grenndarkynningu sbr. ákvæði 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting þessi var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 20 / 08 2020

Auglýsing um samþykktu deiliskipulagsbreytingu birtist í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_ / \_\_\_ 2021.

F.h. Bláskógabyggðar *Nýkjós Þor. Höbjartsson*



HEITI VERKS  
**BRÚARVIRKJUN  
DEILISKIPULAGSBREYTING**

VERKNÚMÉR 5.201.208	DAGS. Janúar 2021	BLAÐSTÆRÐ A3
TEIKNAD SDS	SAMÞYKKT TGS <i>Torbjörn Sýndra</i> 040162-5779	ÚTGÁFA 01

Deiliskipulagsbreyting þessi er unnin hjá Mannviti í samráði við skipulagsnefnd uppsveita bs. og sveitarstjórn Bláskógabyggðar.

Grunnkort deiliskipulagsins er skv. aðalskipulagi Bláskógabyggðar (Steinsholt ehf.) og kortagrunni byggðum á loftmyndum (Loftmyndir ehf.).

Hnitakerfi er ISN-93.